

AUGLÝSING

um virðingar til brunatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur
(samkvæmt lögum nr. 59 24. apríl 1954 og lögum
nr. 9 23. marz 1955).

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu sjá um, að hlutaðeigandi dómari dómkveðji matsmenn — tvo aðalmenn og tvo til vara — til þess að framkvæma virðingar til brunatryggingar á húseignum þeim, sem lög nr. 59 24. apríl 1954 og nr. 9 23. marz 1955, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, ná til.

2. gr.

Markmið virðingarinnar er að finna hið sanna váttryggingarverðmæti eignarinnar á þeim tíma, sem virðingin fer fram. Í þessu augnamiði skal í virðingunni lýsa nákvæmlega hverju einstöku húsi. Á grundvelli þeirrar lýsingar skal svo ákveða hvað kosta muni að byggja slíkt hús.

3. gr.

Þegar um endurmat á eldri húsum er að ræða, skal draga frá nýbyggingarupphæð hússins hæfilega upphæð fyrir sliti og elli í hlutfalli við aldur þess og í samræmi við meðferð og viðhald á því.

4. gr.

Við virðinguna má ekki taka neitt tillit til þess, sem hér segir: Verðmætis lóðarinnar, legu hússins, verðmætis þess í kaupum og sölum, tekna er það gefur eða réttinda, er því fylgja.

5. gr.

Rita skal allar virðingar í sérstaka virðingabók, sem stjórnarráðið löggildir, og skal hver virðing undirrituð af virðingarmönnum og umboðsmanni viðkomandi tryggingarfélags.

6. gr.

Fyrir almenna virðingu á hverri áhættu skal váttryggði greiða sem hér segir:

a. Fyrir hús, sem virt er allt að	700 þús. kr.	kr. 560.00
b. Fyrir hús, sem virt er allt að	700—1 500 þús. kr.	— 700.00
c. Fyrir hús, sem virt er allt að	1 500—3 000 þús. kr.	— 1 120.00
d. Fyrir hús, sem virt er allt að	3 000—5 000 þús. kr.	— 1 360.00
e. Fyrir hús, sem virt er allt að	5 000—8 000 þús. kr.	— 1 680.00
f. Fyrir hús, sem virt er allt að	8 000—11 000 þús. kr.	— 2 080.00
g. Fyrir hús, sem virt er allt að	11 000—13 000 þús. kr.	— 2 400.00

Af því sem umfram er 13 milljónir, skal greiða kr. 120.00 fyrir hverja milljón eða brot úr milljón.

Ef einhver virðing er sérstaklega erfið, er ráðuneytinu heimilt að ákveða herra gjald fyrir hana. Umsókn virðingarmanna um slíka hækkun skal fylgja greinargerð ásamt umsögn framkvæmdastjóra viðkomandi váttryggingarfélags.

Nú vill eigandi eða váttryggingarfélag eigi sætta sig við mat hinna dómkvöddu manna og geta þá aðilar skotið málinu til úrskurðar oddamanns, sem þeir koma sér saman um. Ella skal hann tilnefndur af viðkomandi dómara. Þóknun til hans

skal vera tvöfalt gjald eins virðingarmanns samkv. gjaldskránni. Þóknun oddamanns greiðist að hálfu af eiganda húseignarinnar og að hálfu af váttryggingarfélaginu.

Sá aðili, sem eigi getur sætt sig við úrskurð oddamanns, hefur rétt til að óska yfirmats. Yfirmatið skal framkvæmt af þremur mönnum, er viðkomandi fógæti eða sýslumaður skipar. Fyrir slíkt yfirmat greiðist tvöfalt gjald, samkv. ofangreindri gjaldskrá $\frac{1}{3}$ til hvers. Kostnað við yfirmat greiðir sá aðili, er matið gengur á móti. Skal frummat teljast staðfest, ef mismunur er undir 10 prósent. Bifreiðakostnaður og ferðakostnaður greiðist samkv. reikningi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. október 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

22. október 1971.

Nr. 206.

REGLUGERÐ um starfskjör á póst- og símastöðvum.

1. gr.

Stöðvarstjórar, sem ekki fylgja ákvæðum í kjarasamningum opinberra starfsmanna, fá mánaðarþóknun vegna starfa við póst og síma á eftirtöldum stöðvum, sem hér segir, sbr. þó 3. gr.:

- kr. 21 300.00 Póst- og símastöð: Breiðdalsvík.
- 20 400.00 Póst- og símastöð: Króksfjarðarnes, Reynihlíð, Reykholt, Varmahlíð, Skagaf., Eiðar, Fosshóll, Svignaskarð, Staðarhóll, Hella, Skarðshlíð, Skútustaðir, Borgarfjörður.
- Símastöð: Breiðamýri, Galtafell, Hvanneyri, Stöðvarfjörður.
- Póststöð: Garðakauptún.
- 18 700.00 Póst- og símastöð: Eyrarbakki, Hrísey, Tálknafjörður, Grenivík, Eyrarkot, Skógar, Ásar, Gnúp., Vogar, Gerðar.
- 17 900.00 Póst- og símastöð: Súðavík, Stokkseyri.
- Símastöð: Munkaþverá, Ásgarður í Grimsnesi, Mælifell.
- 16 700.00 Póst- og símastöð: Fossvellir, Neðri-Brunná, Bólstaðarhlíð, Minni-Borg, Húsatóftir, Síðumúli, Bakkafjörður, Hallormsstaður.
- Símastöð: Arnarstapi, Mýrum, Bægisá.
- Póststöð: Stöðvarfjörður.
- 15 800.00 Póst- og símastöð: Dranganes, Stóru-Akrar.
- Símastöð: Hjarðarfell, Gaulverjabær.
- 14 200.00 Póst- og símastöð: Seljaland, Ás, Skarð, Ásgarður, Dölum, Staðarfell, Bifröst, Kirkjuból.
- Símastöð: Eyrarland, Villingaholt, Hnausar, Haganesvík.